



Samtakahópurinn

Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 - 3. desember 2019 kl. 14.00.

Mætt: Aníta Engley, Sigríður Bílddal, Hólmfríður Karlsdóttir, Heiða Ingimundardóttir, Kristján Freyr, Aron Freyr, Sigrún Björgvinsdóttir, Kolbrún Þorgilsdóttir og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Forföll Guðrún Magnúsdóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Guðmunda María og Svava Stefánsdóttir

Fundargerð

1. Hreyfingaleysi barna

Samtakahópurinn rýndi í niðurstöður rannsókna á hreyfingaleysi barna (sjá fylgigögn) og ljóst er að bregðast þarf við. Mikilvægt skref í þeirri viðleitni er að frá og með 1. janúar 2020 verður ókeypis í sund fyrir 18 ára og yngri, hvatagreiðslur verða hækkaðar í 35.000 kr. samgöngukerfi Reykjanesbæjar verður bætt og grunnskólarnir heimsóttir og möguleikar íþrótt- og tómstunda kynnt fyrir grunnskólabörnum.

Skoða þarf líðan barna mun betur sem getur spilað inn í hreyfingarleysi.

Saman þurfum við öll að gera betur.

<https://www.visir.is/g/2019191109856/tiundi-hver-unglingsdrengrur-of-feitur>

2. Fréttir frá FFGÍR

Þau eru að bjóða upp á námskeið frá Bjarna Fritzsyni um jákvæð samskipti fyrir börn og foreldra sem haldin verða í upphafi nýs árs.

Fundi slitið 15.15 – næsti fundur fer fram þriðjudaginn 21. janúar kl 14.00 á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar.